

LÖG

um breyting á lögum um leikskóla, nr. 78/1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. og 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra setur leikskólum aðalnámskrá leikskóla. Þar skal kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans, gildi leiksins og meginstefnu varðandi starfshætti og innra gæðamat.

Menntamálaráðuneytið hefur aðalnámskrá leikskóla stöðugt til endurskoðunar, sér um útgáfu hennar og breytingar þegar þörf er talin á. Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár leikskóla skal birt í Stjórnartíðindum.

2. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir sem orðast svo: Heimilt er að starfsfólk án leikskólakennaramenntunar taki þátt í að annast uppeldi og menntun barna undir stjórn leikskólakennara, enda fáiast ekki leikskólakennari til starfsins. Nánar skal kveðið á um leiðbeiningar- og stjórnunarhlutverk leikskólakennara í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. másl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Skólanefnd gerir tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi.

2. gr.

1. másl. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo: Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir honum faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn.

3. gr.

2. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera að lágmarki níu mánuðir. Kennsludagar skulu ekki vera færri en 170.

5. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Í grunnskóla skal miðað við að jólaleyfi nemenda sé frá og með 21. desember til og með 3. janúar og páskaleyfi frá pálmasunnudegi til og með þriðjudegi eftir páska. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði í skólanámskrá, enda sé þess gætt að hvíldartími nemenda sé ekki skertur á skólaárinu.

6. gr.

2. mgr. 36. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í íslensku í 4. og 7. bekk. Jafnframt er heimilt að veita nemendum með annað móðurmál en íslensku undanþágu frá því að þreyta samræmt próf í stærðfræði í 4. og 7. bekk hafi þeir dvalið skemur á landinu en eitt ár.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „89/48/EBE eða 92/51/EBE“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: 89/48/EBE, 92/51/EBE eða 1999/42/EB.